

Fundur í nemendafélagi 11. október

Mættir: Mattías, Stefanía, Berglind, Guðbjörg, Einar Ási, Maron og Júlía.

- Símaumræða, skólaráð hefur nú þegar tekið málið upp og rætt að símar séu að trufla nám nemenda og hvort taka eigi upp símabann í Heiðarskóla. Nemendur hvattir til að fara eftir símareglum svo ekki þurfi að fara út í að banna síma.
- Fjárhagsáætlunarvinna fyrir 2022 stendur yfir. Er eitthvað sem vantar? Fulltrúum fannst ekkert vanta en vildu ræða fótboltavöllinn, finnst safnast snjór á hann og myndast bungur eftir frost. Einnig vilja fulltrúar láta skipta út svörtum kúlum fyrir annað efni sem ekki litar föt, skó og húð. Skólastjóri upplýsti fulltrúa um að þetta mál er í ferli og ætlar að spyrjast fyrir um framgang.
- Félagsrými, fulltrúar vilja losna við poolborð og fá sófa í félagsrýmið.
- Umræður um að bjóða nemendum að kaupa Heiðarskólapeysur, skólastjóri skoðar möguleika.
- Beiðni um að allir séu saman í matsal – ekki hægt að verða við því að svo stöddu þar sem stundataflan stýrir því.
- Beiðni um að láta stilla pianó í tónmenntastofu, skólastjóri skoðar það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50.